

BORGARRÁÐ 27. ágúst 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytta aðferðafræði við ráðningu kennara - R20080157

Á hverju hausti er sami vandinn uppi hjá skóla- og frístundasviði vegna þess að ekki hefur tekist að manna stöður. Enn er óráðið í 76 grunnstöðugildi í 63 leikskólum borgarinnar og um fjörutíu stöðugildi í 36 grunnskólum. Flokkur fólksins leggur til að skólayfirvöld breyti um aðferðafræði þegar kemur að ráðningu kennara. Byrja á mikið fyrir að auglýsa og kynna laus stöðugildi. Sú vinna á að fara fram að vori. Reynslan hefur sýnt að breyta þarf um taktík þar sem sami vandinn er á hverju ári. Hér er spurning um að læra af reynslu. Ef eitthvað virkar ekki þá þarf að endurskoða aðferðafræðina og gera á henni breytingar. Það er ekki nóg að vona og vona. Nú blasir við sú staða að ekki er hægt að ráða inn í tiltekna leikskóla getur það hægt á innritun í þá skóla. Erfiðleikar við að fá fólk í þessi störf eru ákveðnar upplýsingar um störfin og líðan fólks í þeim. Meira að segja nú þegar atvinnuástandið er slæmt er erfitt að fá fólk til starfa í skólanna. Skoða þyrfti hvað það er við þessu störf annað en álag og lág laun sem hefur svo mikinn fælingarmátt. Ekki er ósennilegt að mygluvandi í skólum sé hluti af vandamálinu.

Greinargerð:

Borgarmeirihlutinn getur gert betur í þessum málum. Biðlisti og tafir við inntöku í leikskóla er óverjandi.. Hægt er að fara ýmsar leiðir til að gera þessi störf aðlaðandi og eftirsótt og strax að vori þarf að fara af krafti í að laða fólkið að störfunum. Ef horft er á málið í víðara samhengi t.d. í tengslum við kjaramálin þá er það borgin sem setur stefnuna og getur gert fjölmargt til að stuðla að því að störfin verði eftirsóttari. Eitt að því sem þarf að gera skruk í til að fá fólk til starfa í skólanum eru viðgerðir á skólabyggingum vegna viðhaldsleysis og myglu. Ótal veikindatilfelli starfsmanna má rekja beint til myglu í skólabyggingum.